



Íþróttafólk Þórs.

Reglugerð

1.gr.

Íþróttafólk Þórs skal kosið ár hvert.

2.gr.

Íþróttafólk Þórs geta þeir orðið sem að mati stjórnar deilda félagsins hafa skarað fram úr í íþrótt sinni og hafa verið henni og félaginu til sóma.

3.gr.

Val á íþróttafólki Þórs fer þannig fram:

Deildastjórnir félagsins skulu tilnefna 2 fulltrúa sinnar deildar, einn af hvoru kyni í kjöri íþróttakarls/konu Þórs ár hvert.

Tilnefningar skulu berast aðalstjórn Þórs eigi síðar en 1. desember ár hvert ásamt rökstuðningi.

4. gr.

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Þórs skal kjósa íþróttafólk félagsins. Sjá viðauka.

5.gr.

Aðalstjórn Þórs skal boða til athafnar fyrir lok desember mánaðar ár hvert og tilkynna úrslit í kjörinu í félagsheimilinu Hamri. Þar skal einnig tilkynna niðurstöðu í vali á íþróttamönnum í hverri grein íþróttar er starfa hverju sinni innan félagsins.

6.gr.

Íþróttafólk Þórs fær afhentan eignarbikar og auk þess farandbikar sem gefinn er af JMJ. Farandbikarinn skal varðveittur í Hamri. Ljósmyndir af viðkomandi ár hvert, skal vera í félagsheimilinu.

Viðauki.

Viðauki við reglugerð um hvernig kjósa skuli íþróttafólk Þórs.

1. Mest geta tilnefningarnar orðið 16. Skila þarf tilnefningunni inn til aðalstjórnar fyrir 1. desember ásamt rökstuðningi.

2. Þeir sem kjósa skulu setja nafn þess sem þeir vilja velja númer 1 efstan og hlýtur sá 32 stig sá er næst kemur hlýtur 30 stig og svo koll af kolli þannig að sá sem neðstur er hlýtur 2 stig. Stigahæsti karlinn verður íþróttakarli Þórs og stigahæsta konan íþróttakona Þórs. Stigahærri einstaklingurinn verður fulltrúi Þórs í kjöri til íþróttamanns Akureyrar. Þjóði ÍBA upp á að tilnefningarnar geti orðið fleiri verða bæði tilnefnd að hálfu Þórs.

1. sæti 32. stig.
2. - 30. stig.
3. - 28. stig.
4. - 26. stig.
5. - 24. stig.
6. - 22. stig.
7. - 20. stig.
8. - 18. stig.
9. - 16. stig.
- 10.- 14. stig.
- 11.- 12. stig.
- 12.- 10. stig.
- 13.- 8. stig.
- 14.- 6. stig.
- 15.- 4. stig.
- 16.- 2. stig.